

36. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 3. desember 2020 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður og fulltrúi Suðurnesjabæjar
Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Jóhann Friðrik Friðriksson, fulltrúi Keilis

Guðmundur Grétar og Jóhann Friðrik sóttu fundinn í fjarfundi.
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Síðustu fundir og upptakomur

Forstöðumaður Þekkingarsetursins sagði frá árlegum fundi sínum með fulltrúum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem haldinn var 22. október síðastliðinn og gekk mjög vel. Þá sagði hann frá vinnu sem stendur yfir fyrir INTERACT við mat á styrkumsóknum og komandi fundum í janúar vegna þess.

2. Rekstraráætlun 2021

Forstöðumaður kynnti drög að rekstraráætlun 2021 sem var samþykkt einróma af stjórn. Framlag frá ríki jókst óvænt í fyrra með viðbótarfjárframlagi í lok ársins og vonast er til að sú upphæð haldi sér í fjárlögum næsta árs. Framlag ríkisins verður þá 42% af áætluðum heildartekjum setursins á næsta ári.

3. Viðhald

Forstöðumaður fór yfir það viðhald og breytingar sem staðið hafa yfir á Garðveginum undanfarið og viðhaldspörf næsta árs. Óvænt viðhald á gólfhitakerfi kom upp nýlega og mun Suðurnesjabær greiða kostnað vegna þess.

4. Styrkumsóknir

Forstöðumaður sagði frá verkefninu Tjaldarnir okkar – njósnir í nærumhverfi sem sótt var um styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til að vinna. Verkefnið verður unnið í samstarfi við sex grunnskóla á Suðurnesjum ef af verður. Þekkingarsetrið er samstarfsaðili í öðru verkefni sem sótt var um styrk í Uppbyggingarsjóðinn til að vinna, sem snýr að námskeiðum fyrir atvinnuleitendur.

5. Önnur mál

- a) Rætt var um aðgengismál í Þekkingarsetrinu og ákveðið að skoða þau betur á næsta ári.
- b) Forstöðumaður sagði frá samskiptum við MAST vegna leyfa sem óljóst er hvort að starfsemin þurfi. Málið er í skoðun hjá MAST.

Næsti fundur haldinn fimmtudaginn 18. febrúar 2021 kl. 14:30.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Björk Guðjónsdóttir - sign

Halldór Pálmar Halldórsson - sign

Fríða Stefánsdóttir - sign

Jóhann Friðrik Friðriksson - sign

Guðmundur Grétar Karlsson - sign

Hanna María Kristjánsdóttir - sign